



Fundargerð

**Stjórn VJB - 119. fundur stjórnar VJB haldinn á Klapparstíg 25-27,
29. júní 2018, kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson aðalmaður, Guðrún Áslaug Jónsdóttir varaformaður, Ásta Berghildur Ólafsdóttir aðalmaður, Snorri Ingimarsson fulltrúi útivistarfélaga, Sigríður Ruth Magnúsdóttir aðalmaður, Óli Halldórsson aðalmaður, Vilhjálmur Árnason varamaður, Matthildur Þorsteinsdóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar og Magnús Guðmundsson framkvæmdastjóri.

Fundargerð ritaði: Ruth Magnúsdóttir, stjórnarmaður.

1. Fundargerðir svæðisráða - 1711005

Fundargerðir svæðisráða

Formaður svæðisráðsá norðursvæði fór yfir fundarð frá 52.fundi þann 28.maí sl. Formaður svæðisráðs á norðursvæði fór yfir fundargerðina og tók sérstaklega upp bókun svæðisráðsins vegna skiptingar aukafjárveitingar til landvörslu á 118.fundi stjórnar.

Ljóst er að ekki munu verða þjónustugjöld af bílastæðum á norðursvæði á þessu ári líkt og gert var ráð fyrir við gerð fjárhagsáætlunar og skiptingu aukafjármagns niður á svæði, þar sem þau eru staðsett utan þjóðgarðs. Stjórn felur nýju framkvæmdaráði þjóðgarðsins að leita leiða til þess að bregðast við stöðunni.

Formaður svæðisráðs á vestursvæði fór yfir fundargerð svæðisráðs frá 68. frá 31.maí 2018.

2. Svæðisráð suðursvæðis - 58 - 1805001F

Formaður svæðisráðs á suðursvæði fór yfir fundargerð frá 58. fundi þann 16.maí sl. Stjórn staðfestir sérstaklega afgreiðslu svæðisráðs á suðursvæði á lið 1, 8, 10, 11, 12 og 13 í framangreindri fundargerð.

Stjórn þjóðgarðsins þakkar Regínu Hreinsdóttur fráfarandi þjóðgarðsverði á suðursvæði fyrir óeigingjarnt starf í þágu Vatnajökulsþjóðgarðs og býður Helgu Árnadóttur nýjan þjóðgarðsvörð á suðursvæði velkomna til starfa.

3. Innra starfið: Rekstrar og stjórnsýsluúttekt Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins maí 2018 - 1806006

Fyrir liggur skýrsla Capacent á stjórnsýslu og rekstri þjóðgarðsins. Farið yfir helstu niðurstöður skýrslunnar og tillögur að úrbótum.

Stjórn ákveður að setja á stofn framkvæmdaráð þjóðgarðsins sem sinnir verkefnum á milli stjórnarfundar. Í framkvæmdaráði þjóðgarðsins sitji formaður stjórnar, framkvæmdastjóri og fulltrúi úr hópi formanna svæðisráða. Stjórn ákveður að Björn Ingi Jónsson, formaður svæðisráðs á suðursvæði, taki sæti í framkvæmdaráði þjóðgarðsins.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að vera í samskiptum við Ríkisendurskoðun varðandi eftirfylgni vegna skýrslunnar og áætlun um úrbætur.

4. Rekstur 2018 - 1802007

Rekstrarstaða Vjb pr. lok maí 2018
Frávikagreining

Gestir

Valbjörn Steingrímsson, fjármálastjóri - 15:30

Fjármálastjóri fór yfir frávikagreiningu í rekstri það sem af er árinu. Rekstur er að mestu í jafnvægi. Mikilvægi að aðhalds sé gætt í öllum rekstri.

Fram kom hjá fjármálastjóra að ráðuneytið samþykkti í dag rekstraráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir árið 2018.

5. Atvinnustefna - 1709017

Framhald umræðu um reglugerð um gjaldtöku - staða málsins. Skjal nr. 1 er fyrirbyggjandi drög að atvinnustefnu. Skjal nr. 2 er sú reglugerð sem ráðuneytið setti til samráðs í samráðsgátt stjórnarráðsins. Skjal nr. 3 eru þau drög sem unnin voru samhliða reglugerðarbreytingunni.

Gestir

Jón Geir Pétursson Skrifstofustjóri skrifstofu landgæða - 13:00

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfisráðherra - 13:40

Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfisráðherra - 13:40

Sigríður Auður Arnardóttir, ráðuneytisstjóri umhverfis- og auðlindaráðuneytisins - 13:40

Jón Geir Pétursson, fór yfir mál tengd vinnu við atvinnustefnu og reglugerð sem verið hefur í vinnslu í ráðuneytinu. Umræður meðal fundarmanna um næstu skref og aukið samráð milli stjórnar og ráðuneytis. Stjórn ákveður að framkvæmdaráð muni funda með fulltrúum ráðuneytis í ágúst um málið.

Gestir undir þessum lið sátu einnig undir liðum 6 og 7

6. Stjórnunar- og verndaráætlun endurskoðun 2013-2018 - 1709012

Stjórnunar og verndaráætlun úrvinnsla athugasemda - staðan
Umræður um stöðu málsins og næstu skref í málinu.

7. Þjóðgarðastofnun - 1709011

Umhverfisráðherra fór yfir hugmyndir að stofnun og starfsemi þjóðgarðastofnunar. Umræður meðal fundarmbanna.

8. Jökulsárlón, leyfi og erindi - 1802002

Erindi frá Arctic Adventures, Arctic Surfers og Trölllaferðir varðandi leyfi til siglinga á Jökulsárlóni

Frestað til næsta fundar. Framkvæmdaráði falið að undirbúa málin fyrir fundinn.

9. Almannaþing: Svínafellsheiði - 1805014

Lagt fram minniblað þjóðgarðsvarðar á suðursvæði.

Lagt fram til kynningar. Framkvæmdaráði falið að undirbúa málin fyrir næsta fund stjórnar.

10. Fræðslumál - 1806007

Fræðsluáætlun

Fræðsluáætlun með viðauka lögð fram til kynningar.

Fundi slitið kl. 16:00.
